

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, skal taka gildi þegar í stað og gildir til 31. janúar 1994. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 438/1993.

Fjármálaráðuneytið, 5. janúar 1994.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1994.

1. gr.

Markaðsgjald sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga, skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 1994. Er gjalddagi fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1994 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10% af reiknuðu gjaldi af veltu tímabilsins 1. nóvember 1992 – 31. október 1993, sbr. 3. gr. laga nr. 114/1990, með síðari breytingum og ákvæði til bráðabirgða II við þau lög.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á markaðsgjaldi sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1994 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Um greiðslur markaðsgjalds á árinu 1994 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII, kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða I við lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, sbr. 52. gr. laga nr. 122/1993, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. janúar 1994.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.